



Nefn um skólahúsnaði Kerhólsskóla

Fundargerð.

4. fundur nefndar um skólahúsnaði Kerhólsskóla var haldinn í Flóaskóla, fimmtudaginn 9. október 2025 kl. 15:00.

Fundinn sóttu:

Pétur Thomsen, formaður nefndarinnar og fulltrúi skólanefndar.

Guðrún Ása Kristleifsdóttir í fjarveru skólastjóra.

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.

Örvar Bjarnason, fulltrúi foreldrafélagsins.

Smári Bergmann Kolbeinsson, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður framkvæmda- og veitunefndar.

Starfsmenn nefndarinnar:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson umsjónamaður.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Fjóla Steindóra Kristinsdóttir.

1. Heimsókn í Flóaskóla

Nefnd um skólahúsnaði Kerhólsskóla mælti sér mót við stjórnendur Flóaskóla í Flóahreppi, þær Þórunni Jónasdóttur skólastjóra og Jóhönnu Margréti Eðvaldsdóttur deildastjóra og staðgengil skólastjóra. Þær kynntu fyrir nefndinni þær breytingar sem gerðar hafa verið á skólahúsnaðinu og þær framkvæmdir sem framundan eru. Búið er að ljúka fyrsta áfanga (fasa 1) og áætlað er að hefja annan áfanga (fasa 2) næsta vor. Nokkrar breytingar voru gerðar frá upphaflegri áætlun fyrir fasa 1; m.a. var kennslurými fyrir list- og verkgreinar fært í miðju hússins, sem skólastjóri telur vera hjarta byggingarinnar. Skólastjóri og kennarar eru almennt ánægð með breytingarnar, þó að þeir hlakki til að fá stærra rými fyrir undirbúning og fundarhald í fasa 2. Sérstakt útikennslusvæði hefur vakið athygli og fengið góðar viðtökur, þó að reynsla af notkun þess sé enn takmörkuð. Skólinn er ekki með íþróttahús, en keyrir nemendur á Þingborg í leikfimi og í Laugaland í sund, kennt er í lotum og þá tvær kennslustundir í senn svo nýta megi aksturinn sem best.

Nefndin þakkar fyrir frábærar móttökur, góða yfirferð og kynningu á húsnaðinu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 17:00